

Í stjórn foreldrafélagsins eru:

- Bjarney Inga Óladóttir – Formaður
- Thelma Rut Sólrúnardóttir – Gjaldkeri
- Elín Árnadóttir
- Bergþóra Björk Guðmundsdóttir
- Guðrún Hrönn Guðmundsdóttir
- Hildur Þóra Magnúsdóttir
- Guðbjörg Þórarinsdóttir
- Bryndís Hulda Ríkharðsdóttir.

Stjórn félagsins tekur ákvörðun um nýtingu sjóðsins en markmiðið er að nota hann til gagns og gamans og í einhverja þætti sem ekki er gert ráð fyrir í fjárlögum leikskólans. Á aðalfundi félagsins haustið 2013 voru lögð fram drög að dagskrá og birtast hún hér. Ný nefnd hefur þó fullan rétt á að breyta dagskráliðum hverju sinni.

Dagskrá

1. Haustferð um helgi á eigin bíl- foreldrafélag útvegur léttar veitingar
 2. Jólaball. Foreldrafélagið tekur þátt í að greiða jólasveina o.fl.
 3. Foreldrafélag kaupir danskennslu og leiksýningu annaðhvert ár á víxl.
 4. Borga rútu í sveitaferð að vori sem haldinn verður á leikskólatíma.
 5. Stjórnin leitast við að taka þátt í atburðum á vegum leikskólans eins og við hæfi þykir af kennurum t.d á borð við aðkomu að afmæli eða eitthvað í þeim dúr.
 6. Á hverju hausti eru keyptar möppur handa nýjum nemendum.
 7. Á hverju hausti verði keyptir taupokar handa nýjum nemendum sem þeir geta málað eða teiknað á sjálfir.
 8. Keyptir eru fatamerki pennar til að hafa í forstofum.
- Foreldrafélagið metur árlega hvort þörf sé á körfum eða áþekktum smáhlutum og hvort að fjármunir séu til staðar til þess að bregðast við því.

Lög foreldrafélags Pálmholts

Síðast samþykkt á Aðalfundi 26.september 2013

1. Nafn félagsins er Foreldrafélag Pálmholts.
2. Félagar eru allir foreldrar eða forráðamenn barna á Pálmholti.
3. Tilgangur félagsins er:
4. a) að vinna að velferðarmálum barna.
5. b) að auka samskipti og samstarf foreldra, barna og starfsfólks.
6. Stjórn félagsins skal kosin á aðalfundi, og skal skipa a.m.k. fimm manns til minnst eins árs í senn af hverri deild.

Stjórnin skal halda félagsmannaskrá og virkja sem flesta til starfa.

1. Aðalfundur skal kjósa þrjá foreldra í foreldraráð í samræmi við 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
2. Aðalfundur skal haldinn fyrir lok september ár hvert og skal til hans boðað með viku fyrirvara til þess að hann teljist löglegur.

Dagskrá fundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnarmanna og varamanns.
4. Kosning þriggja foreldra í foreldraráð
5. Kosning eins til þriggja fulltrúa í Umhverfisnefnd
6. Ákvörðun árgjalds.
7. Lagabreytingar.

8. Önnur mál.
9. Reikningsár félagsins skal vera frá 1. september til 30. ágúst ár hvert.
10. Árgjöld félagsins skulu ákveðin á aðalfundi, svo og tilhögun innheimtu þeirra.
11. Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi enda hafi efni breytingatillagna verið getið í aðalfundarboði.
12. Sé aðalfundur illa sóttur getur stjórnin tilnefnt í stjórn eða boðað nýjan fund.

Ákvæði til bráðabirgða:

Reikningsárið fyrir skólaárið 2011 til 2012 skal vera frá aðalfundi 2011 til 30. ágúst 2012.

Reikningsupplýsingar Foreldrafélags Pálmholts

Kennitala 501198-3079

Bankanúmer 1145

Höfuðbók 26

Reikningsnúmer 2122

Skýring greiðslu Nafn barns